



## **BYGGÐASAFN REYKJANESBÆJAR**



*Frá Keflavík snemma á 20. öld, mynd úr eigu safnsins*

## **Ársskýrsla 2015**

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Starfsemin.....	4
Starfsmenn safnsins.....	4
Helstu verkefni .....	4
Ráðstefnur, námskeið og fundir. ....	4
Rekstur safnsins.....	4
Endurskipulag Rammans og safnafræðilegur rekstur. ....	4
Vatnsnes .....	5
Baldur KE97 .....	5
Sýningar og miðlun .....	6
Bíósalur .....	6
Safnafræðsla.....	6
Þorrinn.....	6
Sjómannadagurinn og 17 júní.....	7
Gestafjöldi .....	7
Fræðslufundir .....	7
Vefur, Facebook og önnur vinna. ....	7
Rannsóknir.....	8
Fornleifarannsókn í Vogu Höfnum.....	8
Safnkosturinn.....	9
Munasafn.....	9
Myndasafn.....	10
Skjalasafn Reykjanesbæjar .....	11

### Samantekt

Í byrjun árs var það gæfuríka skref tekið að leggja í viðgerðir á litla húsinu sem er áfast Rammanum þannig að hægt var að flytja skrifstofur og starfsmannaaðstöðu þangað. Mikil og góð breyting varð á starfsaðstöðu safnsins. Eftir flutninganna var hafist handa við að endurskipuleggja varðveislurýmið með tilliti til fyrirbyggjandi forvörslu og fleira. Hafin var vinna við gerð gæðahandbókar fyrir varðveisluhúsið.

Sýning safnsins á miðlofti Bryggjuhúss naut vinsæla einkum meðal yngstu nemenda. Í bíósal voru opnaðar 3 sögusýningar, sú fyrsta sumarsýning safnsins var gerð í tilefni 100 ára kosningarréttar kvenna og var skrifum Mörtu Valgerðar Jónsdóttur gerð sérstök skil, hinar síðari voru samvinnuverkefni við annars vegar afmælisnefnd Keflavíkurkirkju og hins vegar hestamannafélagsins Mána.

Fornleifarannsóknum lauk í Höfnum og eru þá næstu skref að ganga vel frá svæðinu. Safninu bárust góðar gjafir á árinu en þar er stærst báturinn Baldur KE 97 sem Ólafur Björnsson færði safninu skömmu fyrir andlát sitt.

## Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins.

### Starfsmenn safnsins

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Fastráðnir starfsmenn: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Haraldur Haraldsson, safnvörður bæði í 100% starfi. Hulda Björk Þorkeldsdóttir var í 100% starfi við yfirfærslu safnskrár í Sarp, frágang í skjalageymslu ofl. Enginn sumarstarfsmaður var en hins vegar voru fjórir samningar gerðir við Virk þar sem starfsmenn unnu við ljósmyndasafnið, þetta voru þær Nikólína, Lovísa, Sigríður og Aðalheiður.

### Helstu verkefni

Fólu í sér að ljúka grunn-yfirfærslu munasafns í Sarp, endurskipuleggja nýtingu Rammans, setja upp sýningar í Duus safnahúsum, vinna við að taka í notkun nýjan vef og þróa fotostation fyrir myndasafnið.

### Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Sóttur var árlegur fundur þjóðminjavarðar á vordögum, farskóli safnmanna á Höfn í Hornafirði að haust og aðrir minni fundir og ráðstefnur.

### Rekstur safnsins

Ársvelta safnsins 2015 var kr 44.665.938, styrkir og tekjur: 2.350.000, þannig að framlag bæjarins var 42.795.257. Skipting útgjalda: Laun og launatengd gjöld: 15.379.580, húsnæðiskostnaður: 25.331.698, rekstur verkefna: 2.413.131, sértækur rekstur safns: 2.065.544, annað; 1.825.985.

### Endurskipulag Rammans og safnafræðilegur rekstur.

Í apríl var skrifstofurýmið flutt í litla áfasta húsið og eru þar nú þrjár skrifstofur, vinnustofa, móttöku- og fundaraðstaða, eldhús og salerni, er þessi aðstaða mjög til fyrirmyndar. Í kjölfarið var farið í að breyta uppröðun í húsið, bæjargeymslan var algerlega aðgreind frá safngeymslunni, textílar voru fluttir þar sem skrifstofur voru áður, listasafnið fékk aukið geymslurými auk þess sem uppröðun munasafns var breytt að nokkru með tilliti til forvörslusjónarmiða.

Keyptir voru 10 raka- og hitamælar til að setja í öll safnahús á vegum bæjarins, auk þess sem keypt voru ljós- og uv-mælar til að mæla ljósmagn. Unnið er að samningum við Halldóru Ásgeirsdóttur forvörð um ráðgjöf varðandi fyrirbyggjandi forvörslu ofl. Halldóra hefur komið í þrígang til að kanna aðstæður og ræða við okkur um ýmsar leiðir til úrbóta.

Hafist var handa við gerð gæðahandbókar fyrir varðveisluhúsið og fékk safnið styrk frá Safnasjóði í það verkefni. Vonast er til að þeirri vinnu ljúki ásamt nýrri stefnumótun fyrir safnið árið 2016.

### **Vatnsnes**

Að venju var Vatnsneshúsið leigt út til listamanna og handverksfólks. Á árinu 2014 leigðu aðstöðu í húsinu, Vera Ósk Steinsen, Ólafur Ingi Brandsson og Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ.

### **Baldur KE97**

Á hátíðarstund í Duus safnahúsum, á sjómannadaginn kvaddi Ólafur Björnsson sér hljóðs og lýsti því yfir að hann vildi gefa Byggðasafni Reykjanesbæjar bát sinn, Baldur KE97. Áður hafði málið verið kynnt til að kanna viðbrögð safnsins og þá var tilkynnt að stofnað yrði vinafélag Baldurs sem kæmi að fjármögnun viðhalds og viðgerða á bátnum.

## Sýningar og miðlun

### Bíósalur



Settar voru upp 3 sýningar á vegum Byggðasafnsins. Fyrsta sýningin var opnuð í tilefni að 100 ára kosningarafmæli kosningarréttar kvenna. Heiti sýningarinnar var: *Konur í sögu bæjar. Brot úr sagnaþáttum Mörtu Valgerðar Jónsdóttur*. Unnið var úr textum Mörtu sem hún birti í Faxa á árunum 1945-1969. Þar rifjaði Marta upp margvíslegar sögur af fólkinu í Keflavík og nágretta byggðum. Á sýningunni var lögð áhersla á að birta frásagnir Mörtu af konum. Sýningin hlaut styrk frá Afmælisnefnd um 100 ára kosningarrétt kvenna. Sýningin stóð yfir sumarið og var svo sett upp í ráðhúsi Reykjavíkur um haustið og stóð hún þar í einn mánuð.

Á ljósanótt var opnuð sýning í tilefni 100 ára afmælis Keflavíkurkirkju en Kirkjan lagði fram fjármagn og vinnu við gerð sýningarinnar. Sýningin stóð í um tvo mánuði eða út október mánuð. Kirkjan bauð upp á tvo dagskrárliði, barnamessu og opna æfingu kirkjukórsins í salnum á meðan á sýningu stóð. Síðasta sýningin var svo afmælisýning Hestamannafélagsins Mána en þeir sáu einnig um að fjármagna sína sýningu ásamt vinnuframlagi. Félagið fagnaði 50 ára afmæli sínu á árinu.

### Safnafræðsla

Kynningarbréf voru send til leikskóla Reykjanesbæjar í janúar og nóvember þar sem kynnt var þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og í nóvember jólahald í Bryggjuhúsi.

Skólahópar víðsvegar að nýttu sér að skoða Víkingaheima en starfsfólk hússins tók á móti þeim hópum. Í Bryggjuhúsi var boðið upp á almenna kynningu og um jólin voru hinir gömlu jólasveinar kynntir ásamt þeim sögulega veruleika sem þeir tengjast. Jafnframt var áhersla lögð á að kynna Bryggjuhúsið.

Heildarfjöldi nemenda sem kom í Duus safnahús árið 2015 var 1809 nemendur. Í skipulagða fræðsludagskrá Byggðasafns í Bryggjuhúsi komu, frá leikskólum komu 258 börn og frá grunnskólum 210 eða smt alls, 468 nemendur.

Fjórir leikskólar fengu afnot af Stekkjarkoti

### Þorrinn

Þorrakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru lánaðar til 5 leikskóla Reykjanesbæjar.

### **Sjómanna dagurinn og 17 júní**

Tekið var þátt í dagskrá á sjómanna dag í Duushúsum og veitt aðstoð vegna fjallkonunnar við hátíðardagskrá á 17. júní.

### **Gestafjöldi**

Gestafjöldi: Heildarfjöldi skráðra gesta í Duushúsin var 40.397, þar af erlendir gestir 8.107 í Ramma komu 1.030 Heildarfjöldi þeirra gesta sem taldir voru inn í hús þar sem byggðasafnið var með sýningar eða starfsemi árið 2015 var: 41.427.

### **Fræðslufundir**

Sögufélag Suðurnesja var endurreist á árinu og var Eiríkur Hermannsson kosinn formaður, ákveðið var að fræðslufundir Byggðasafnsins yrðu framvegis í samvinnu við sögufélagið. Haldnir voru 4 fundir á árinu, tveir á vormisseri og tveir að hausti. Að venju var fjölbreytt dagskrá um sögu og menningu svæðisins. Þá vor haldnir tvennir fundir í tómsundastarfi eldri borgara á Nesvöllum þar sem skoðaðar voru myndir úr safninu.

### **Vefur, Facebook og önnur vinna.**

Hafist var handa við að endurnýja vef safnsins þar sem vefforritið, Vefpór, sem safnið hafði notað í um áratug hætti starfsemi. Ákveðið var að vinna með bókasafni þar sem þau voru í sömu stöðu, leitað var tilboða og hagstæðasta tilboðið kom frá Stefnu og samið var við það fyrirtæki. Þá var ákveðið að taka upp þá nýbreytni að búa til sameiginlega forsíðu fyrir söfn bæjarins þannig að fólk gæti séð hvað væri í gangi hverju sinni og hvar viðburðir, sýningar og námskeið væru til húsa. Síðar bættust Duus safnahús inn í hópinn.

Margvísleg verkefni koma inn á borð safnsins, auk þess sem er sérstaklega talið fram hér mætti bæta við, aðstoð við gerð skráningarhandbókar fyrir Sarp, aðstoð við uppsetningu Gestastofu Geo-park, aðstoð við uppsetningar á sýningum Listasafns og fleiri sýnenda í Duus safnahúsum, vinna við skráningu og frágang muna Poppminjasafns, aðstoð við sögufélag Suðurnesja, seta í Minjaráði Reykjaness, birt var grein um sögu safnsins í Byggðasöfn á Íslandi sem kom út á árinu, aðstoð við Slökkviminjasafn og Víkingaheima varðandi útlán og skil á lánsgrípum, aðstoða við undirbúning sýningar Erlings Jónssonar í Reykjavík, skoðun á minjum á Keflavíkurflugvelli, mikil vinna fólst í að aðstoða varðandi bæjargeymsluna í Ramma og einnig nokkur vinna við aðstoð varðandi efnisveitu og við vinnu fjármálasviðs að fráangi skjala.

## Rannsóknir

### Fornleifarannsókn í Vogri Höfnum



Hús nr 3

Loka áfangi rannsókna var í júní. Það var Fornleifafræðistofan undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, sem stjórnaði rannsókninni.

Reykjanesbær sá um fæði og húsnæði á rannsóknartímanum og stóð straum af kostnaði vegna forvörslu. Fornleifafræðistofan bar ábyrgð á rannsókninni og lánaði tæki og tól sem nauðsynleg voru fyrir rannsóknina. Fornleifafræðistofan annaðist einnig forvörslu, úrvinnslu og skýrslugerð til Minjastofnunar.

#### **Rekstur fornleifarannsóknarinnar, 2015**

##### **Gjöld**

Jarðvinna og þjónusta	kr 258.279
Fæði	kr 117.228
Forvarsla	var engin
<b>Samtals</b>	<b>kr. 376.007</b>

Allur þessi kostnaður féll á Byggðasafnið en Fornleifafræðistofan fékk styrki til rannsókna úr Fornminjasjóði og Menningarsjóði Suðurnesja fyrir vinnuframlagi sínu, akstri og not á búnaði. Gisting var að venju í boði Sóknarnefndar Kirkjuvogskirkju.

Sótt var um í framkvæmdarsjóð ferðamannastað fyrir frágangi á rústasvæðinu í samvinnu við þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar. Hugmyndin er að leggja stíg að rústunum, setja upp upplýsingaskilti og bekki fyrir gesti svæðisins.



## Safnkosturinn

### Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót var 13.700 og er það fjölgun um 608 frá síðustu áramótum. Þar af voru 66 færslur vegna Poppminjasafns. Nýskráningar í munasafn ByR voru 542 færslur, úr fórum safnsins 87 færslur

29 gjafir voru skráðar, þar af 2 til Poppminjasafns.

*Yfirlit yfir gefendur til munasafnsins, sem skráðir eru í safnbók árið 2015.*

### **Byggðasafn Reykjanesbæjar**

<b>Nafn gefanda</b>	<b>færslur</b>	<b>tegundir</b>
Árni Lárusson	4	heimilismínjar
Leikskólinn Tjarnarsel	17	leikskólaminjar
Hestamannafélagið Máni	61	félagsmínjar
Áki Gränz, dánarbú	8	Náttúruminjar, ofl
Helga Ingólfssdóttir	14	heimilismínjar
Ástráður Gunnarsson	29	bankaminjar
Jón Þórens Sigurjónsson	2	heimilismínjar
Hs veitur	48	rafveituminjar
Sigrún Ólafsdóttir	5	heimilismínjar
Finnbogi Björnsson	19	persónuminjar
Hilmar Már Olgeirsson	86	safnarsafn
Holtaskóli	6	grunnskólaminjar
Elsa Lilja Eyjólfssdóttir	3	heimils- og bíó mínjar
Fríða Rögnvaldsdóttir	3	heimilismínjar
Þór Símon Ragnarsson	5	persónuminjar
Keflavíkirkirkja	2	kirkjugripir
Reykjaneshöfn	10	hafnarminjar
Sigríður Guðrún Ólafsdóttir	73	safnarsafn
Ágústa Guðmundsdóttir	1	heimilismínjar
Jónína Skarphéðinsdóttir	2	heimilismínjar
Sigrún Ásta Jónsdóttir	1	heimilismínjar
Margrét Auður		
Jóhannesdóttir	1	heimilismínjar
Vigdís Vilhjálmsdóttir	1	heimilismínjar
Dætur Einars Jósepssonar	2	handverk
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	8	tónlistarskólaminjar
Vilberg Skúlason	3	félagsmínjar
Margrét Einarsdóttir	29	heimilismínjar
Bridgefélag Suðurnesja	12	félagsmínjar
Poppminjasafn Íslands		
Halla Bogadóttir	4	tónlistarsaga
Páll Óskar Hjálmtýsson	62	Tónlistarsaga

## Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú meginsofn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðni úr söfnunum.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 41.726 myndir. Haldið var áfram við skönnun mynda og um áramót var búið að skanna inn 16.250 myndir þar af voru 507 skannaðar á árinu 2015. Á árinu voru 1483 myndir settar í umslög og hafa þá 10.062 myndir verið settar í umslag. Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 47.163 tölur en safnið er ekki fullskráð og má búast við að númer í safninu séu í kringum 100.000. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn fleir valdar myndir. Nú hafa 1.716 tölunúmer úr safninu verið skönnuð. Aðgengilegar á vefnum eru 3369 myndir sem eru bæði heilar tölur og einstakar myndir. Á árinu 2015 var ekkert skannað inn úr filmusafni Heimis.

*Yfirlit yfir skönnun mynda þ.e. miðað er við fjölda safnnúmera:*

	Myndir	filmusafn Heimis	samtals
Árið 2012	alls 8.482	0	8.482
Árið 2013	alls 5.223	2.992	8.215
Árið 2014	alls 1.716	5	1.721
Ári 2015	alls 507	0	507
Smt alls	16.288	2.997	19.285

Ef haldið hefði verið áfram að skanna inn eins og gert var á árunum 2012 og 2013 þá hefði það tekið um 8 ár til viðbótar að skanna inn skráð númer. Ef miðað er við árangurinn 2014-5 þá ætti það að taka um rétt um hálfa öld að ljúka innskönnun.

Í stafræna myndabanka byggðasafnsins eru alls: 29.995 myndir, mikil vinna hefur farið í að skrá inn efnisorð, flokka og skipuleggja þennan hluta en mikil vinna er eftir við að greina myndir, grisja út og ljúka skönnun.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar myndir frá svæðinu. Nú eru 5.247 spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Á árinu hófst vinna við að yfirfæra U-Matic spólur á stafrænt form en styrkur fékkst frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til þess verkefnis. Keyptur var serever og flakkarar í samráði við Tölvudeild Reykjanesbæjar og hefur vinna hafist við að yfirfæra U-Matic spólurnar. Mikilvægt er að þeirri vinnu ljúki sem fyrst á meðan tæki sem þarf að nota til afspilunar eru enn til í landinu en þessi tækni er löngu aflögð og því er engin viðgerðarþjónusta eða nýframleiðsla á slíkum tækjum í heiminum.

Gjafir til myndasafnsins

Börn Valdimars Harðarssonar, þau Sigríður, Valdimar og Auður, gáfu hreyfimyndir sem faðir þeirra hafði tekið í Keflavík og nágrenni.

### **Skjalasafn Reykjanesbæjar**

Unnið var að framtíðarlausn fyrir bæjarskjölin, unnið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands. Undirbúningur undir lögbundin skjalaskil hófst. Þá var Byggðasafnið skráð inn sem aðili í einkaskjöl.is sem er vefur Þjóðskjalasafns sem heldur utan um slík skjöl.

Reykjanesbæ 8. mars.2016

Sigrún Ásta Jónsdóttir